

197 einni eða tveim línunum, eftir því sem fyrir verður komið. Þar fyrir neðan vörumerki
25. okt. saltandans, og neðst, söltunartala og dagsetning, sbr. 4. tölulið.

Stærð vörumerkis skal miða við rúm það á botninum er afgangur verður, þegar öllum hér upptöldum orðum hefir verið ætlað svo stórt rúm, að þau séu greinileg og læsileg.

Skozkverkaða sild frá Faxaflóa skal merkja með orðinu „FAXA“ í stað „matjes“, en að öðru leyti eins og að ofan greinir.

Um stærð og gerð stafa, og merkja á tunnur, sem sendar eru til Bandaríkjanna og hér er ekki fram tekið, skal í hvert sinn fara eftir leiðbeiningum sildarmatsstjóra.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1939.

Ólafur Thors.

Páll Palmason.

198 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingunnar Knúts-
27. okt. dóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt 27. október 1939 að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Ingunni Knútsdóttur húsfreyju, Lindargötu 28 í Reykjavík, sem andaðist 8. september 1935, og Sigríði Kristjánsdóttur, s. st., sem andaðist 24. desember 1906.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af öllum eftirlátnum eignum Kristjáns sáluga Kristjáns-sonar járnsmíðs, Lindargötu 28 í Reykjavík, sem andaðist 25. maí 1939, samkvæmt fyrirmælum í arfleiðsluskrá hans, dagsettri 5. apríl 1939, til minningar um látna eiginkonu hans, Ingunni Knútsdóttur og látna dóttur þeirra, Sigríði Kristjánsdóttur. Er sjóðstofnunin framkvæmd í fullu samræmi við arfleiðsluskrána og skipulagsskrá þessi einnig sniðin eftir fyrirmælum hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru allar eftirlátnar eignir Kristjáns sáluga, en þær reyndust, að frádregnum útfararkostnaði, öllum skuldum, erfðafjárskatti, skiptakostnaði og yfirléitt öllu, er búið þurfti að greiða, kr. 25065.76. Er upphæð þessi þegar afhent sjóðstjórninni.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða og skal sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir,

svo sem t. d. gjafir eða áheit, skulu þær lagðar við höfuðstól hans og lúta sömu reglum og hann.

198

27. okt.

5. gr.

Einn fimmti ($\frac{1}{5}$) hluti af vöxtum sjóðsins skal árlega lagður við höfuðstól hans, en fjórum fimmtu ($\frac{4}{5}$) hlutum þeirra skal árlega varið í samræmi við tilgang sjóðsins, en hann er sá, samkvæmt arfleiðsluskrá Kristjáns sáluga, „að styrkja munaðarlaus börn til dvalar á barnaheimili, er Reykjavíkurbær stofnar og starfrækir svo og, þegar sérstaklega stendur á, börn, er notið hafa styrks úr sjóðnum á barnaheimilinu, eftir að dvöl þeirra þar lýkur, fram til 18 ára aldurs þeirra“.

Styrkja skal eitt barn eða fleiri að fullu, en ekki greiða hluta framfærslukostnaðar neins barns, nema þá að því leyti, sem afgangur kann að verða af því, sem ráðstafa má, er ekki nemur fullu styrktarfé eins barns. Barn, er komið hefir á styrk úr sjóðnum, skal að jafnaði halda honum unz dvöl þess á barnaheimilinu lýkur, nema sjóðstjórninni þyki þess ekki þörf vegna breyttra ástæðna. Þyki sjóðstjórninni nauðsyn á, má hún styrkja barn, er notið hefir styrks úr sjóðnum á barnaheimilinu, eftir að dvöl þess þar lýkur, fram til 18 ára aldurs þess. Skal þetta sérstaklega gert, ef barn þykir sérlega efnilegt og vill stunda eitthvert nám.

Sérstaklega óskar sjóðstofnandi eftir, að sjóðstjórnin brýni fyrir öllum þeim, er njóta styrks úr sjóðnum, að neyta hvorki áfengis né tóbaks.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: biskupinn yfir Íslandi, aðaldómkirkjupresturinn í Reykjavík og lögmaðurinn í Reykjavík og skipta þeir sjálfir með sér verkum. Hefir stjórnin alla umsjón sjóðsins og reikningshald.

7. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagskrána, aðalefni úr erindum til stjórnar sjóðsins og svörum hennar við þeim, svo og samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Ennfremur ber stjórn sjóðsins að halda bók yfir eignir hans, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikningana og skulu þeir undirritaðir af henni.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Heimilt er sjóðstjórninni að breyta skipulagsskrá þessari að svo miklu leyti, sem breytingarnar samræmast ákvæðum framangreindrar arfleiðsluskrár.

10. gr.

Sjóðurinn skal þegar taka til starfa, er barnaheimilið hefir verið stofnað og $\frac{4}{5}$ hlutar vaxta hans nægja til framfærslu eins barns á því eða (sbr. 11. gr.) þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til.

11. gr.

Verði verulegur dráttur á að Reykjavíkurbær hefji starfrækslu barnaheimilis eða verði ekki úr því eða leggist það niður, skal stjórn minningarsjóðsins verja $\frac{4}{5}$ hlutum vaxta hans til að styrkja munaðarlaus börn á öðru barnaheimili eða annarsstaðar í sem beztu samræmi við tilgang sjóðsins.

198

12. gr.

27. okt. Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, er á henni kunna að verða gerðar samkv. ákvæðum 9. gr.

Reykjavík, 23. okt. 1939.

Í stjórn Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur.

Sigurgeir Sigurðsson. Bjarni Jónsson. Björn Þórðarson.

199

REGLUGERÐ

27. okt.

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 30. apríl síðastliðnum, samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. apríl 1939, breytist aftur í íslenskan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 29. þ. m., þannig, að klukkan 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. október 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

200

GJALDSKRÁ OG REGLUR

28. okt.

um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. gr.

Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir afnot landssímalínanna til skákkeppni.

2. gr.

Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi, skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símgjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 12 20. október 1905 um ritsíma, talsíma o. fl. og öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 28. október 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.